

Fréttasnepill úr starfi BES

Vor 2016



Kæru foreldrar/forráðamenn.

Þá er vorið runnið upp með sínum dásamlega fuglasöng og sólargeislum. Að mörgu er að huga í skólastarfi og færir þessi yndislegi árstími okkur ýmis tækifæri til aukinnar útiveru. Í því fallega umhverfi sem Barnaskólinn er staðsettur í felast óteljandi tækifæri til útínáms, útiveru og aukinnar hreyfingar. Nemendur, kennarar og stuðningsfulltrúar hafa notfært sér góða veðrið í vor og stundað útínám og hreyfingu af kappi. Slíkt fellur vel að náttúruskólastarfi skólans og stöðug aukinni heilsuefingu.

Hljómsveitaheimsóknir

Nú á vordögum urðum við Besarar þess heiðurs aðnjótandi að fá heimsóknir frá tveimur ólíkum hljómsveitum. Frá Hornafirði kom hljómsveitin Guggurnar en sú hljómsveit er eingöngu skipuð kvenfólki. Guggurnar slógu í gegn en sú hljómsveit er m.a. skipuð skólastjóra, vinnslustjóra í fiskvinnslu, umsjónarkennara og bankastarfsmanni! Hljómsveitin Polyphonia frá Álftarnesi heimsótti okkur einnig á dögnum en sú hljómsveit er skipuð nemendum tónlistarskóla Álftanes. Virkilega gaman að fá þessar hljómsveitir til okkar að lífga upp á menningarlífið.



Barnabær

Barnabæjardagarnir eru framundan og mikil tilhlökkun í loftinu eins og endra nær. Nemendur velja sig á stöðvar nú í vikunni og stendur vinnan svo yfir vikuna 30. maí -3. júní en þá fer Barnabæjardagurinn fram. Endilega takið þann dag frá og komið í Barnabæ að upplifa ævintýrið.

Vordagarnir

Að Barnabæjardögum loknum höfum við tvo daga, mánudaginn 6. júní og þriðjudaginn 7. júní, til íþróttaiðkunnar og almennrar útivistar. Dagskrá þeirra daga verður gefin út á næstunni. Skólaslit verða svo miðvikudaginn 8. júní kl. 17:00 á Stokkseyri.

Heilsuefingin

Nú í vetur hefur undirbúningsteymi um Heilsueflandi grunnskóla unnið greiningarvinnu sem miðar að því að Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri hefji vinnu við heilsuefingu næsta haust. Heilsueflandi grunnskóli er verkefni á vegum Landlæknisembættisins og má sjá nánar um það hér: http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item12346/Heilsueflandi_grunnskoli

Námsmat

Nú í vor verður sú breyting á námsmati unglíngastígs skólans að gefið verður í bókstöfum í stað hefðbundinnar einkunnargjafar með tölum. Í fyrsta skipti í íslenskri skólasögu verður nám nemenda metið með hæfnimarkmiðum í huga, ekki þekkingarmarkmiðum eins og tíðkast hefur. Það eru spennandi tímar í skólaþróun hér á landi.

Dagskrá vor 2016

26. maí – 27. maí	Nemendur 6. bekkjar á Eyrarbakka
26. maí – 27. maí	Prófadarar 9. bekk – próflokaskemmtun 9. bekkjar
26. maí – 28. maí	Útskriftarferð 10. bekkjar
27. maí – 28. maí	Vorferð 7. og 8. bekkjar
30. maí – 3. júní	Barnabær
6. júní -7. júní	Íþróttar- og útivistardagar
6. júní	Lokadansleikur unglíngastígs
8. júní	Skólaslit kl. 17:00 á Stokkseyri

- Birt með fyrirvara um breytingar